

Verktryggingin ábyrgist greiðslu á tjóni sem verkkaupi verður fyrir efni váttryggingartaki ekki skyldur sínar samkvæmt samningi váttryggingartaka og verkkaupa.

[1. kafli: Bótasvið, bls. 1.](#)

[2. kafli: Almenn ákvæði, bls. 2.](#)

## 1.KAFLI BÓTASVIÐ

### 1.gr. Váttryggðir hagsmunir

Váttryggingin gildir fyrir það verk sem tiltekið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 2.gr. Váttryggður

Váttryggingartaki er váttryggður.

### 3.gr. Bótasvið

Félagið ábyrgist greiðslu á tjóni sem verkkaupi verður fyrir efni váttryggingartaki ekki skyldur sínar samkvæmt samningi váttryggingartaka og verkkaupa.

### 4.gr. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Váttryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum: Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara. Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppbots, verkfalls eða svipaðra aðgerða. Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

### 5.gr. Váttryggingarfjárhæð

Váttryggingarfjárhæð kemur fram í váttryggingarskírteini og staðfestingu um verktryggingu. Þegar lokaúttekt á tryggingartaka og verkkaupa á verkinu hefur farið fram lækkar váttryggingarfjárhæðin eins og samið er um í verksamningi og fram kemur í staðfestingu um verktryggingu.

### 6.gr. Ákvörðun bóta

Verkkaupi getur krafist félagið um bætur vegna galla sem fram hefur komið á verki váttryggingartaka eða hvers konar kostnaðar sem verkkaupi verður fyrir vegna vanefnda váttryggingartaka á ákvæðum verksamnings.

### 7.gr. Endurkrafa

Váttryggingartaki skuldbindur sig til að endurgreiða félaginu þær bætur sem það innir af hendi vegna verktryggingarinnar. Váttryggingartaka ber að greiða vexti samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Endurkrafa félagsins samkvæmt þessari grein fellur í gjalddaga þegar félagið gerir kröfu um greiðslu.

### 8.gr. Tryggingarráðstafanir

Ef váttryggingartaki eða aðrir leggja fram veð eða ábyrgast með öðrum hætti kröfu þá er félagið kann að eiga á hendur váttryggingartaka vegna verktryggingarinnar getur félagið gengið að hvaða veði eða ábyrgðarmanni sem er.

### 9.gr. Breytingar á verki

Veðsalar og ábyrgðarmenn geta ekki krafist þess að verða leystir undan skyldum sínum þó að verktíminn framlengist og þar með gildistími verktryggingarinnar eða aðrar breytingar verði á verki. Telji félagið tryggingar ekki nægilegar við ofangreindar aðstæður, sbr. gr. 10.1, getur það krafist nýrra trygginga í staðinn fyrir eða til viðbótar þeim er fyrir voru.

### 10.gr. Váttryggingarskylda

Þeim sem leggur til veð er skylt að kaupa og viðhalda venjulegum og eðlilegum váttryggingum á því.

Váttryggingartaki skal kaupa og viðhalda váttryggingum sem eðlilegar og venjulegar eru fyrir verktakastarfsemi.

Vátryggingar skal kaupa hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Félagið má kaupa slíkar vátryggingar fyrir hönd þess sem skylt var að gera það og á hans kostnað séu ekki lögð fram gögn um að slíkar vátryggingar séu fyrir hendi.

## 2. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI

### 11.gr. Greiðsla iðgjalds

Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist. Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. lagaum vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

### 12.gr. Ágreiningsmál

Komi upp ágreiningur milli vátryggingartaka og verkkaupa um rétt verkkaupa til vátryggingarfjárhæðarinnar fer um ágreiningsmál þeirra samkvæmt 32. kafla ÍST 30, nema samið hafi verið um annað.

### 13.gr. Lok vátryggingar

Vátrygging gildir í 12 mánuði eftir að lokaúttekt hefur farið fram, sé ekki um annað samið.

Verkinu telst skilað þegar lokaúttekt vátryggingar- taka og verkkaupa hefur farið fram. Vátryggingartaki skal senda félaginu staðfestingu á úttektinni án ástæðulauss dráttar. Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af. Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum [www.fme.is](http://www.fme.is) og [www.sjova.is](http://www.sjova.is), auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar. Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

**Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. maí 2013.**